

Tillaga til 439. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 20. júní 2019

Tillaga 521. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar frá 12. júní sl., um að heimila útgáfu framkvæmdaleyfis við Mjólkárviðvirkjun á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja og samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010

14. **Aðrennslissvæði Mjólkárviðvirkjunar - Umsókn um framkvæmdaleyfi - 2018060003**

Gunnar Páll Eydal sækir um framkvæmdaleyfi f.h. Orkubús Vestfjarða við Mjólkárviðvirkjun. Sótt er um framkvæmdaleyfi í samræmi við 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, framkvæmdin er í samræmi við breytingu á deiliskipulagi Mjólkárviðvirkjunar 02.11.2017, nú þegar liggur fyrir framkvæmdaleyfi sem samþykkt var í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 12.10.2017 vegna vinnuvegar og skurðar sunnan Grímsvatns. Umsókn þessari er ætlað að taka til annarra þátta sbr. lýsingu í deiliskipulagi þ.e. miðlun og veita í Hófsárveitu efri, gerðar verði tvær stíflur, sett tvö yfirföll og tveir botnlokar auk þriggja veituskurða. Kattarvatni veitt í Tangavatn með veituskurði. Frekari fylgigögnum hefur verið bætt við sbr. umsókn þ.e. skýrsla Haf- og vatnsrannsóknna dags. apríl 2019. Heimild Fiskistofu í erindsbréfi dags. 29. maí 2019. Umsókn um framkvæmdaleyfi dags. 07.06.2019 og erindisbréf Verkís f.h. Orkubús Vestfjarða.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja og samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010.